

Reglur um dagþjónustu og aðstoð vegna atvinnu fyrir fatlað fólk hjá félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs

Markmið og markhópur

1. gr.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 með síðari breytingum skal fatlað fólk njóta félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar og auka hæfni þess til starfa og þátttöku í daglegu lífi.

Einnig skal aðstoða fatlað fólk við að finna störf við hæfi á almennum vinnumarkaði.

2. gr.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs sér um framkvæmd þjónustunnar eða kemur að gerð þjónustusamninga um hana á grundvelli samnings um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands vegna málefna fatlaðs fólks og samnings Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps um félagsþjónustu og barnavernd og um sameiginlega félagsmála- og barnaverndarnefnd.

Á á félagsþjónustusvæði Fljótsdalshéraðs eru starfræktar hæfingarstöðvar, verndaðir vinnustaðir og aðstoð við vinnu á almennum vinnumarkaði.

Allir íbúar á þjónustusvæði Austurlands um málefni fatlaðs fólks eiga rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

Skipulag þjónustunnar

3. gr.

Þjónustan er ætluð þeim sem vegna skertrar vinnugetu þurfa sérstaka aðstoð við þátttöku á vinnumarkaði eða sérhæfð úrræði vegna fötlunar sinnar.

4. gr.

Sú þjónusta sem er í boði er:

- Stólpi á Egilsstöðum - hæfing, iðja og verkþjálfun, sem er dagþjónusta fyrir fatlað fólk sem býr við verulega fötlun og þurfa þjálfun, afþreyingu og umönnun.
- Jónsver á Vopnafirði, sem er hæfing, verkstjórn og verndaður vinnustaður.
- Ullarvinnsla Frú Láru á Seyðisfirði, sem er hæfing, verkstjórn og verndaður vinnustaður.
- Kompan á Egilsstöðum, sem er geðræktarmiðstöð.
- Stuðningur við atvinnu á almennum vinnumarkaði - sem veitir þeim sem hafa skerta vinnugetu stuðning og aðstoð við að finna starf við hæfi ásamt eftirfylgd. Einnig aðstoð við gerð vinnusamninga.

5. gr.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs er í samvinnu við Vinnumálastofnun í málum einstaklinga með skerta vinnugetu vegna þátttöku í atvinnulegri endurhæfingu.

Afgreiðsla umsókna

6.gr.

Umsóknir um dagþjónustu og aðstoð vegna atvinnu berist félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs á sérstökum eyðublöðum sem þar fást.

Matshópur, sem í sitja verkefnastjóri Virkni hjá félagsþjónustunni, forstöðumaður Stólpa/Kompu/Hlymsdala og félagsmálastjóri, metur og afgreiðir umsóknir vegna Stólpa og um stuðning við atvinnu á almennum vinnumarkaði.

Leita skal umsagnar hjá þjónustuhópi um málefni fatlaðs fólks áður en mál eru afgreidd, sé þess þörf.

Félagsmálastjóra er alltaf heimilt að vísa ákvörðun til félagsmálanefndar til fullnaðarafgreiðslu, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

Félagsmálanefnd hefur eftirlit með ákvörðunum og kallar reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Umsóknir vegna Jónsvers og Ullarvinnslu Frú Láru berast til þessara stofnana sem fara með ákvörðunarvald samkvæmt þjónustusamningum.

Ekki er þörf að sækja sérstaklega um þjónustu geðræktarmiðstöðvarinnar sem opin er öllum sem á þjónustunni þurfa að halda.

Áfrýjun

7. gr.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun félagsþjónustunnar til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

Gildistími

9. gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2011.

Samþykkt í félagsmálanefnd 10. janúar 2011

Samþykkt af sveitarstjórnnum Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps í janúar og febrúar 2011.